

Nr. 043 / 12 Kristbjörg VE 71***Fær veiðarfæri í skráfunna og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 0084
Smíðaður: Kristiansand Noregi 1961, stál
Stærð: 312 brl. 320,8 BT
Mesta lengd: 39,61 m Skráð lengd: 36,19 m
Breidd: 6,8 m Dýpt: 5,9 m
Vél: Grenaa 662 kW 1981
Fjöldi skipverja: 10

Gögn:

Gögn RNS



Kristbjörg ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 18. maí 2012 var Kristbjörg VE 71 á dragnótaveiðum undan Meðallandssandi. Veður: A 7-8 m/sek.

Um kl. 21:00 þegar skipið var statt um þrjár sjómílur SA af Skarðsfjöru lentu veiðarfærin í skráfunni svo skipið varð vélavana. Skipið rak í átt að landi á 0,8 hnúta ferð og þegar um 1,5 sml. var upp í ströndina lét skipstjóri bæði akkeri falla. Hann óskaði eftir aðstoð og kallaði VSS út beiðni til nærstaddra skipa og björgunarsveitir og þyrta voru kallaðar út.

Páll Jónsson GK 7 var kominn til Kristbjargar VE um miðnætti og dró hana frá ströndinni. Togarinn Jón Vídalín VE tók síðan við drættinum til Vestmannaeyja. Kafari var fenginn til að hreinsa úr skráfunni en ekki urðu aðrar skemmdir á búnaðinum.



Lóðsinn kemur með Kristbjörgu til hafnar

Við rannsókn kom fram:

- að þegar voðin (pokinn) var að renna út lenti hún undir skipið og festist í skráfunni.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.